

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS



ÁRSSKÝRSLA
2008

Texti: Jón Ágúst Jónsson, Áslaug Lárusdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Kristín Ágústsdóttir, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.

Ljósmyndir: Áslaug Lárusdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.

Ljósmynd á forsíðu: Hópur fullorðinna hreintarfa í Kringilsárrana í byrjun september, Snæfell í baksýn. Kringilsárrani er eina friðlýsta griðland hreindýra á Íslandi. Skarphéðinn G. Þórisson.

Ljósmynd undir efnisyfirliti: Stærsta lundavarp á Austurlandi er í Skrúð en auðveldast er að skoða hann í Hafnarhólma við Borgarfjörð eystri. Skarphéðinn G. Þórisson.

Apríl 2009

EFNISYFIRLIT

- 4 Ávarp forstöðumanns
- 5 Um stofuna
- 6 Mannauður
- 7 Stiklur úr starfsemi
- 17 Útgáfa og kynning
- 21 Fjárhagur



Mér er ánægja að fylgja úr hlaði ársskýrslu Náttúrustofu Austurlands fyrir árið 2008. Árið var fjórtánda starfsár Náttúrustofunnar og fyrsta ár mitt í starfi forstöðumanns. Skýrslunni er ætlað að kynna starfsemi Náttúrustofunnar og gefa yfirlit yfir fjárhag hennar. Það er von mín að lesandinn verði einhvers vísari um þá fjölbættu starfsemi sem þar fer fram.

Á þeim árum sem liðin eru frá stofnun hefur Náttúrustofan vaxið og fest sig í sessi sem öflugur þekkingar- og þjónustuaðili á Austurlandi. Árið var Náttúrustofunni hagstætt, fjölbreytni verkefna mikil auk þess sem fjöldi stöðugilda og tekjur hafa aldrei verið meiri. Þá var rekstrargrundvöllur styrktur með aðkomu Fljótsdalshéraðs að rekstri. Fyrirliggjandi eru fjölmörg spennandi verkefni.

Náttúrustofa Austurlands er ein af sjö starfandi náttúrustofum á landsvísu. Fullyrða má að tilurð þeirra hafi eftt hinar dreifðu byggðir landsins. Þær auka fjölbreytni atvinnulífs, skapa sveitarfélögum tekjur og gera menntuðu fólki kleift að setjast þar að.

Náttúran er ein af grunnstoðum íslensks samfélags. Hún er þjóðararfur sem okkur ber að vernda og varðveita fyrir komandi kynslóðir. Forsenda þess er markviss efling grunnþekkingar á náttúrunni. Landshlutabundnar náttúrustofur hafa þegar sýnt að þær hafa alla burði til að gegna veigamiklu hlutverki í þeirri vinnu. Náttúruvernd er fjárfesting til framtíðar.

Sá órói sem nú gætir í þjóðfélaginu mun knýja fram samfélagslegar breytingar. Í breytingum felast tækifæri öllum til handa. Það er von mín að ný grunngildi gefi náttúru landsins aukið vægi. Við horfum því björtum augum til framtíðar.

Mannauður er undirstaða alls reksturs. Hjá Náttúrustofunni starfar hópur sérfræðinga sem sýnt hefur vilja og getu til að leysa af hendi krefjandi verkefni. Ég vil þakka starfsfólki, velunnurum og þeim fjölmörgu aðilum sem aðstoðuðu Náttúrustofuna, á einn eða annan hátt, fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Jón Ágúst Jónsson



Horft frá Hoffelli yfir Lambatungujökul og út Skyndidal í Lóni. Mynd: SGP

Náttúrustofa Austurlands er rekin af Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði með stuðningi ríkis. Hún var formlega stofnuð 24. júní árið 1995, fyrst allra náttúrustofa. Frumkvæði að stofnun hafði sveitarfélagið Neskaupstaður, nú hluti Fjarðabyggðar. Árið 2008 varð Fljótsdalshérað aðili að rekstrinum. Höfuðstöðvar eru í Neskaupstað og starfsstöð á Egilsstöðum.

Náttúrustofan er þekkingar- og þjónustuaðili sem vinnur að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun í tengslum við náttúrufar. Markmið hennar er að efla þekkingu á náttúru Austurlands til handa leikum sem lærðum.

Stofan starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Hlutverk Náttúrustofu Austurlands er:

- að stunda vísindarannsóknir
- að veita fræðslu og ráðgjöf
- að annast eftirlit með náttúru Austurlands
- að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum

Stofan er aðili að fræðasetrinu Búland í Neskaupstað og Vísindagarðinum á Egilsstöðum. Markmið samstarfsins er að skapa fjölbreytta rannsókn- og fræðslumiðstöð, þannig að úr verði eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að hæft starfsfólk.

Náttúrustofan er aðili að Samtökum náttúrustofa sem hafa það að markmiði að efla fræðslu, samstarf og starfsemi stofanna.



Hreindýrahópur í júlí á leiðinni yfir austustu kvísl Jökulsár í Fljótsdal út í Þórseyjar. Mynd: SGP

Stjórn

Stjórn Náttúrustofunnar árið 2008 skipuðu:

- *Líneik Anna Sævarsdóttir*, formaður.
- *Arnbjörg Sveinsdóttir*, meðstjórnandi.
- *Einar Már Sigurðarson*, ritari.

Starfsfólk

Á árinu störfuðu átta starfsmenn hjá Náttúrustofunni:



Jón Ágúst Jónsson, M.S.
líffræðingur, tók við starfi forstöðumanns í ársbyrjun. Hann annaðist daglegan rekstur auk þess að taka þátt í ýmsum verkefnum stofunnar.



Áslaug Lárusdóttir, skrifstofustjóri, sinnti almennum skrifstofustörfum auk þess að hafa umsjón með heimasíðu, bókasafni, tölvumálum og gagnavörslu.



Erlín Emma Jóhannsdóttir, B.S.
líffræðingur, hafði umsjón með Náttúrugripasafninu í Neskaupstað, vöktun umhverfispátta við álverið í Reyðarfirði og vöktun smádýralífs í Glúmsstaðadalssá. Að auki kom hún að gróðurannsóknum og fræðslustarfsemi.



Gerður Guðmundsdóttir, M.S.
plöntuvistfræðingur, hafði umsjón með gróðurvöktun, gróðurfarsúttektum og vöktun fallryks.



Halldór Walter Stefánsson, sérfræðingur, vann að fuglarannsóknum og tók þátt í hreindýrannsóknum.



Kristín Ágústsdóttir, B.S.
landfræðingur, var í fæðingarorlofi þar til í nóvember. Hún sá um kortavinnslu og vann jafnframt að gerð verndaráætlunar fyrir Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs.



Rán Þórarinsdóttir, B.S.
líffræðingur, tók þátt í vöktun hreindýra auk þess að verkstýra kortlagningu burðarsvæða þeirra og aðstoða við önnur verkefni.



Skarphéðinn G. Þórisson, B.S.
líffræðingur, hafði yfirumsjón með vöktun og rannsóknum á hreindýrum. Samhliða því kom hann að fugla- og gróðurannsóknunum.

Margir aðrir komu að starfsemi stofunnar. Þessir helst:

- *Albert Jensson*, aðstoð við vöktun hreindýra.
- *Grétar Karlsson*, aðstoð við vöktun hreindýra.
- *Guðrún Á. Jónsdóttir*, rannsókn á gróðurfari og gerð verndaráætlunar.
- *Halldór Bergsson*, aðstoð við vöktun hreindýra.
- *Hákon Hansson*, aðstoð við vöktun hreindýra.
- *Helgi Jensson*, aðstoð við vöktun hreindýra.
- *Jóhann G. Gunnarsson*, aðstoð við vöktun hreindýra.
- *Jón E. Sveinsson*, aðstoð við vöktun hreindýra.
- *Jón I. Sigurbjörnsson*, aðstoð við vöktun hreindýra.
- *Líneik A. Sævarsdóttir*, rannsókn á gróðurfari.
- *Reimar Ásgeirsson*, aðstoð við vöktun hreindýra.
- *Sigurður Guðjónsson*, aðstoð við vöktun hreindýra.
- *Skúli H. Benediktsson*, aðstoð við vöktun hreindýra.
- *Sveinn Ingimarsson*, aðstoð við vöktun hreindýra.
- *Sveinn H. Oddsson*, aðstoð við tölvumál.
- *Sævar Guðjónsson*, aðstoð við vöktun hreindýra.

Vöktun hreindýrastofnsins

Frá því snemma árs 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á íslenska hreindýrastofninum. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um stofninn þannig að hægt sé að veita ábyrga ráðgjöf um veiðipól, ástand stofnsins og ágang hreindýra. Helstu þættir sem fylgst er með eru dreifing, aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi, nýliðun, dánartíðni og líkamlegt ástand dýranna. Gagnasöfnun er að stórum hluta unnin í samvinnu við áhugamenn um hreindýr. Vöktunin er í nokkuð föstum skorðum, en stöðugt reynt að bæta og efla gagnasöfnun. Niðurstöður vöktunar 2008 sýna að hreindýrum fjölga þrátt fyrir aukna veiði. Þríf stofnsins virðast góð. Síðustu ár hefur fallþungi minnkað bæði á Snæfellsöræfum og fjörðum. Óþarft er að hafa miklar áhyggjur af þessum breytingum, en nauðsynlegt að leita skýringa á hvað veldur.



Ágústtarfar í Heiðarenda norðvestan Egilsstaða. Mynd: SGP



Kelfdar kýr og vetrungar um miðjan apríl. Mynd: SGP

Hreindýraveiðikvóti

Náttúrustofa Austurlands vinnur ár hvert tillögu að veiðikvóta eftir aldri, kyni og veiðisvæðum fyrir hreindýraráð, sem síðan leggur fram tillögu til Umhverfisstofnunar. Tillaga Náttúrustofunnar byggir á upplýsingum úr grunnvöktun hreindýrastofnsins. Hún miðast við að stuðla að sjálfbærri nýtingu stofnsins á skilgreindum veiðisvæðum í samráði við hagsmunaaðila. Reynt er að viðhalda sambærilegu kynjahlutfalli og fyrirfinnst í stofnum sem ekki er veitt úr, eða um 6 tarfar á hverjar 10 kýr að hausti. Að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar ákveður umhverfisráðherra í desember kvóta fyrir veiðitímabil næsta árs. Náttúrustofan lagði til að kvótinn yrði 1333 dýr árið 2008 og var það samþykkt. Er það í samræmi við áætlaða fjölgun sem orðið hefur í stofninum á síðustu árum.



Hreindýr og heiðagæsir í september á Fljótsdalsheiði. Mynd: SGP

Mat á ágangi hreindýra

Árlega metur Náttúrustofa Austurlands ágang hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi og gerir tillögu til hreindýraráðs um skiptingu í ágangssvæði. Árið 2008 var lagt til að þau væru 19. Það var samþykkt óbreytt. Mat á ágangi er eitt af því sem lagt er til grundvallar ákvörðunar á arðsskiptingu. Ágangsmatið byggir á niðurstöðu vöktunar hagagöngu hreindýra allan ársins hring. Stöðugt er reynt að bæta vöktunina með aukinni þátttöku heimamanna í upplýsingaöflun.



Tarfar í Sandfelli á Jökuldalsheiði í júlí. Mynd: SGP



Mæðgur í maíbyrjun á Vesturöræfum. Mynd: SGP

Skýrsla um stöðu hreindýrarannsóknna

Náttúrustofan vann skýrslu um stöðu hreindýrarannsóknna á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar með styrk frá Landsvirkjun. Skýrslan geymir helstu niðurstöður hreindýraathugana sem gerðar hafa verið eftir árið 2001. Sambærileg skýrsla var unnin fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands og Landsvirkjun árið 2001.

Kortlagning burðarsvæða hreindýra

Náttúrustofan hefur unnið að kortlagningu burðarsvæða Snæfellsjarðar fyrir Landsvirkjun frá árinu 2005. Erlendar athuganir hafa sýnt að hreinkýr eru fastheldnar á burðarsvæði. Takmarkaðar upplýsingar voru til um framvindu burðar eða val kúa á burðarsvæðum héraðs fram til þess tíma. Markmiðið er að kanna hvort Kárahnjúkavirkjun og framkvæmdir henni tengdar hafi áhrif á val burðarsvæða eða framvindu burðar. Fylgst er sérstaklega með staðsetningu kúa á burðartíma og tímasetningu burðar. Dreifing kúa á burðartíma hefur verið nokkuð breytileg milli ára frá 2005. Einnig hefur miðburður, þ.e. þegar helmingur kúa er borinn, færst nokkuð aftur í tíma milli ára. Ekki er ljóst hvað veldur.



Kýr og kálfar við Laugarfell utan Snæfells. Mynd: SGP



Sandmaðkshraukar í Berufirði. Mynd: EEJ

Umhverfissvöktun í Reyðarfirði

Frá árinu 2004 hefur Náttúrustofan tekið þátt í umhverfissvöktun vegna álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Markmið verkefnisins er að kanna hvort einhverjar breytingar verði á gróðri og vatni með tilkomu álversins. Verkefnið er unnið fyrir verkfræðistofuna HRV í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Ráðgjafar eru Alan Davison, prófessor við Newcastle háskóla á Englandi og Leonard H. Weinstein, prófessor við Cornell háskóla í Bandaríkjunum.

Árið 2008 var vöktunin með hefðbundnu sniði. Gróður-, snjó- og vatnssýnum var safnað reglulega til efnagreininga. Jafnframt var ástand gróðurs metið sjónrænt og fylgst með sjaldgæfum tegundum plantna á svæðinu.

Úttekt vegna vegagerðar um Öxi

Að beiðni Vegagerðarinnar gerði Náttúrustofan úttekt á gróðurfari og fuglalífi við vegstæði fyrirhugaðs heilsársvegar um Öxi, frá Skriðdal í Berufjarðarbotn. Ennfremur var lagt mat á verndargildi landslagsheilda, ofanflóðahættu og möguleg áhrif framkvæmda á hreindýr. Loks var gerð úttekt á lífríki fjöru og leiru í botni Berufjarðar í samvinnu við Náttúrustofu Vestfjarða.



Brönugrasið barnarót, öðru nafni pungvör. Mynd: SGP



Fuglapúfa við Hverfisfljót. Mynd: SGP

Úttekt vegna Norðfjarðarganga

Fyrri hluta árs lauk Náttúrustofan gerð skýrslu fyrir Vegagerðina um gróðurfari, dýralíf og verndargildi á fyrirhuguðum vegstæðum við Norðfjarðargöng. Athugunarsvæðið stækkaði vegna færslu Vegagerðarinnar á vegstæðum og var Náttúrustofunni falið að meta áhrif þess á gróðurfari.

Vöktun fallryks við Háslón, á Brúaröræfum og Fljótsdalshéraði

Á vegum Landsvirkjunar hefur Náttúrustofan í samvinnu við Landsvirkjun og Matís ohf. tekið þátt í langtíma verkefni þar sem markmiðið er að meta hugsanleg áhrif Kárahnjúkavirkjunar á rykmistur sem berst frá hálendinu norðan Vatnajökuls til norðausturs, yfir Jökuldal og Fljótsdalshérað. Svifaur sest nú í Háslón sem Jökulsá á Dal bar áður til hafs. Þar sem vatnshæð lónsins er breytileg er talin hætta á jarðfoki þegar saman fer lítið vatn, þurrt veður og stífur vindur. Settir hafa verið upp 14 mælar sem safna fallryki yfir sumartímann á Fljótsdalshéraði, Brúaröræfum og við Háslón. Athuganir hafa staðið yfir frá árinu 2005, en sumarið 2008 var fyrsta árið eftir að vatnsborð Háslóns náði fullri hæð. Enn sem komið eru áhrif Kárahnjúkavirkjunar á rykmistur ekki merkjanleg.



Fallryksmælir við Strönd á Fljótsdalshéraði. Mynd: GG



Í Kringilsárrana. Mynd: SGP

Vöktun smádýralífs í Glúmsstaðadalsá

Náttúrustofan hefur fylgst með smádýralífi í Glúmsstaðadalsá frá árinu 2005 fyrir Landsvirkjun. Markmið verkefnisins er að kanna áhrif aukins vatnsrennslis og sets í ána á smádýralíf. Líkt og undanfarin ár var sýnum safnað að hausti á þremur föstum stöðum. Jafnframt var mælt hitastig, sýrustig, leiðni og rennslis. Að lokinni úrvinnslu verða niðurstöður bornar saman við fyrri athuganir og þeim gerð skil í skýrslu.

Gróðurvöktun á Vesturöræfum, Kringilsárrana og Fljótsdalsheiði

Að beiðni Landsvirkjunar hóf Náttúrustofan vöktun gróðurs í Kringilsárrana árið 2006. Markmiðið var að kanna hvort greina megi breytingar á gróðurfari í kjölfar myndunar Háslóns. Vesturöræfum var bætt við árið 2007 og Fljótsdalsheiði 2008. Beitt er tveimur aðferðum við rannsóknina. Annars vegar er þekja og gróska gróðurs metin yfir stór svæði með hjálp gervitunglamynda. Hins vegar er þekja og tegundasamsetning gróðurs metin sjónrænt í föstum mælireitum sem dreift hefur verið um svæðið. Ef gervitunglamyndir sýna breytingar á gróðri verða föstu mælireitirnir notaðir til rannsókna á eðli breytinganna.



Glúmsstaðadalsá. Mynd: EEJ

Vöktun fugla á Héraði

Frá árinu 2004 hefur Náttúrustofan aðstoðað Náttúrufræðistofnun Íslands við vöktun valinna fuglategunda á Héraði. Markmið verkefnisins er að meta áhrif Kárahnjúkavirkjunar á fuglalíf. Gerð var úttekt á varppéttleika heiðagæsa á vatnasviði virkjunarinnar, klakstigi eggja og fjölda gæsa á fellistöðvum. Einnig voru hávellur taldar á Lagarfljóti og varppéttleiki skúms metinn á Úthéraði.



Grágæs á Egilsstaðanesi að vori. Mynd: SGP

Vöktun rjúpnastofnsins

Náttúrustofan hefur um árabil aðstoðað Náttúrufræðistofnun Íslands við vöktun rjúpnastofnsins á Austurlandi. Vor hvert er fjöldi óðalsbundinna karra talinn á sömu svæðum. Þannig fæst vísitala sem nota má til að meta breytingar á stofnstærð í tíma og rúmi. Að þessu sinni voru karrar taldar á Hrafnabjörgum og Rangá á Héraði og vegsniði á Úthéraði.



Sílámáfsvarp í Hverfisfljóti. Mynd: SGP



Heiðagæsaungar í Kringilsárrana. Mynd: SGP

Fuglalíf á Mýrum

Starfsmaður Náttúrustofunnar aðstoðaði Náttúrufræðistofnun Íslands við gagnasöfnun vegna úttektar á fuglalífi á Mýrum í Borgarbyggð. Rannsóknin er liður í stærra verkefni sem Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrufræðistofa Kópavogs og Landbúnaðarháskóli Íslands standa fyrir og felst í að meta áhrif sinueldanna miklu á Mýrum vorið 2006 á ýmsa þætti lífríkisins.



Rjúpkarri í Eldhrauni við Hverfisfljót. Mynd: SGP

Fuglalíf við Hverfisfljót

Að beiðni Ragnars Jónssonar bónda á Dalshöfða gerði Náttúrustofan úttekt á fuglalífi við Hverfisfljót í Skaftárhreppi vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda við Hnútu. Beitt var beinum talningum og sniðtalningum til að lýsa fuglalífi svæðisins. Jafnframt var stuðst við gögn Náttúrufræðistofnunar Íslands frá árinu 1990 sem og upplýsingar frá staðkunnugum. Alls eru 22 tegundir fugla þekktar á svæðinu, þar af 17 staðfestar í varpi. Sérstaða fuglalífs við Hverfisfljót felst m.a. í sílamáfsvarpi vestan við Dalshöfða, sem er með því stærsta á Suðurlandi.

Fuglalíf við Markarfljót

Starfsmaður Náttúrustofunnar aðstoðaði Náttúrufræðistofnun Íslands við gagnasöfnun í tengslum við úttekt á fuglalífi vegna fyrirhugaðs Bakkafjöruvegar í Austur-Landeyjum.



Fólkvangur Neskaupstaðar. Mynd: ÁL

Verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð

Vatnajökulsþjóðgarður var formlega stofnaður 7. júní 2008. Hann er stærsti þjóðgarður Evrópu, yfir 12.000 km² að flatarmáli. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs stýrir þjóðgarðinum undir yfirstjórn umhverfisráðherra. Þjóðgarðinum er skipt upp í fjögur rekstrarsvæði; Austur, Vestur, Suður og Norður. Á hverju rekstrarsvæði starfar svæðisráð sem er ábyrgt fyrir gerð tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði. Náttúrustofu Austurlands var falið að vinna tillögu að verndaráætlun fyrir Austursvæði þjóðgarðsins. Áætlunin er unnin í samstarfi við Þekkingarnet Austurlands. Í verndaráætlun verður gerð grein fyrir framtíðarnýtingu og vernd einstakra svæða. Náttúrustofa Norðausturlands annast gerð verndaráætlunar fyrir Norðursvæðið og Háskólasetrið á Hornafirði annast Suður- og Vestursvæði. Náð samstarf er meðal allra aðila sem koma að vinnunni. Gert er ráð fyrir að tillaga að verndaráætlun liggi fyrir í árslok 2009.




Falljökull vestan í Snæfelli. Mynd: SGP



Álftafjölskylda á Mýrum. Mynd: SGP

Eftirlit með friðlýstum svæðum

Náttúrustofan hefur um árabíl annast eftirlit og gerð tillagna um úrbætur í fólkvangi Neskaupstaðar og fólkvangi og friðlandi í Hólmanesi fyrir Fjarðabyggð. Upplituð fræðsluskilti voru endurnýjuð eftir veturinn á báðum stöðum. Náttúrustofan fékk styrk frá Ferðamálastofu til að endurnýja brú í upphafi leiðar út í fólkvang Neskaupstaðar. Einnig var nýjum stiga komið fyrir niður í Páskahelli.



Töðuhraukar í Kringilsárrana. Mynd: SGP

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað

Náttúrustofan sá um viðhald safngripa og móttöku gesta utan hefðbundins opnunartíma á Náttúrugripasafninu fyrir Fjarðabyggð. Safnið er til húsa að Egilsbraut 2, ásamt Sjóminja- og smiðjumunasafni Jósafats Hinrikssonar og Myndlistarsafni Tryggva Ólafssonar. Þar má sjá fjölskrúðugt safn dýra, plantna og steina í skemmtilegri uppsetningu listakonunnar og leikmyndahönnuðarinnar Unnar Sveinsdóttur. Safnið var opið daglega á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst kl. 13:00 – 17:00. Gestamóttaka var í höndum Félags eldri borgara í Neskaupstað. Fjöldi safngesta árið 2008 var 2500.

Stór hluti safngripa er fenginn að gjöf frá velunnurum. Í ár gaf Freysteinn Þórarinnsson safninu uppstoppaðan hreindýrshaus. Auk þess færðu nemendur 1. bekkjar Nesskóla safninu tvo manngerða laupa að gjöf.



Börnin afhenda laupinn. Mynd: EEJ

Fuglaskoðun í fjarðabotnum

Hinn árlegi fugladagur Ferðafélags Fjarðamanna og Náttúrustofu Austurlands var haldinn þann 10. maí. Þá var fuglaáhugamönnum á öllum aldri boðið að skoða fuglalíf undir handleiðslu sérfræðinga Náttúrustofunnar á leirum í Norðfirði og Reyðarfirði. Þrátt fyrir hráslagalegt veður var mæting góð, alls mættu 38 manns. Samtals sáu 37 tegundir fugla á leirunum.

Fuglaskoðun í Norðfirði. Mynd: ÁL

Árviss vettvangsferð náttúrustofa

Árviss vettvangsferð allra náttúrustofa var farin dagana 7. – 10. júlí. Að þessu sinni kom starfsfólk náttúrustofa saman í Héðinsfirði á Norðurlandi ásamt nemum og kennurum Landbúnaðarháskóla Íslands. Markmiðið var að afla og miðla þekkingu, samræma aðferðafræði og styrkja samstarf. Gerðar voru ýmsar vettvangskannanir og fyrirlestrar fluttir undir berum himni.



Úr Héðinsfjarðarför. Mynd: RÞ

STIKLUR ÚR STARFSEMI

Dagur hinna villtu blóma

Dagur hinna villtu blóma hefur verið haldinn árlega á öllum Norðurlöndunum frá árinu 2004. Þá gefst almenningi kostur á að fara í gönguferð um nágrenni sitt með leiðsögn um plöntur. Að þessu sinni var dagurinn haldinn 15. júní. Líkt og undanfarin ár bauð Náttúrustofan, í samvinnu með Flóruvinum upp á leiðsögn á Austurlandi. Gengið var á Egilsstöðum, í Hjaltastaðapinghá, Norðfirði og Fáskrúðsfirði. Alls mættu 50 manns í blíðskaparveðri.



Plöntuskoðun í Norðfirði. Mynd: GG



Borgarfjarðarhöfn eystri. Mynd: RP

Veiting umhverfisfána

Náttúrustofa Austurlands aðstoðaði Landvernd við úthlutun umhverfisfána á starfssvæði stofunnar. Veittar eru tvær gerðir fána. Grænfáninn, viðurkennt umhverfismerki í Evrópu, veitt skólum og leikskólum fyrir umhverfisstefnu og árangursríka fræðslu. Bláfáninn er veittur höfnum á Íslandi, þar sem fræðsla, umhverfis- og öryggismál eru með ágætum. Náttúrustofa Austurlands fór ásamt Landvernd og veitti leikskólanum Skógarsel á Hallormsstað Grænfána og Borgarfjarðarhöfn eystri Bláfána.

Náttúrufræðinámskeið

Í samvinnu við Ferðapjónustuna á Mjóeyri hélt Náttúrustofan námskeið fyrir krakka á aldrinum 8-10 ára á Eskifirði. Þetta er í þriðja sinn sem slíkt námskeið er haldið. Markmiðið er að kynna krökkunum fjölbreytt lífríki íslenskrar náttúru. Farið var í nokkrar vettvangsferðir, m.a. í fjöruna á Mjóeyri. Plöntur og dýr voru skoðuð, velt fyrir sér búsvæðum þeirra og lífnaðarháttum. Námskeiðið var vel sótt.



Náttúrufræðinámskeið á Eskifirði. Mynd: EEJ



Tarfar við Finnsstaði utan Egilsstaða í apríl. Mynd: SGP

Starfskynning grunnskólanema

Að venju komu nemar úr 10. bekk Nesskóla til Náttúrustofunnar í starfskynningu. Þeir voru fræddir um starfsemi stofunnar og falin verkefni þar að lútandi.



Norðfjarðarnípa. Mynd: SGP



Náttúrustofufing. Mynd: ÁL

Náttúrustofufing

Árlegt Náttúrustofufing var haldið 26. september í Grundarfirði á Snæfellsnesi. Þar gafst gestum tækifæri til að hlýða á erindi starfsmanna náttúrustofa og gestafyrirlesara. Þingið var vel heppnað, aðsókn góð. Samhliða því var haldinn ársfundur Samtaka náttúrustofa.

Fræðsluerindi Samtaka náttúrustofa

Á ársþingi Samtaka náttúrustofa árið 2006 var ákveðið að bjóða upp á fræðsluerindi. Stofurnar skiptast á um að halda fræðsluerindi í hádegi síðasta fimmtudags hvers vetrarmánaðar. Erindin eru send út með fjarfundabúnaði víðs vegar um land og öllum opin. Á Austurlandi var hægt að hlýða á erindin í Neskaupstað, Egilsstöðum og Höfn í Hornafirði. Alls voru flutt sex erindi á árinu.



Minkur í maí í Fljótsdal. Mynd: SGP




Vetrarblóm á Vesturöræfum í maí. Mynd: SGP

STIKLUR ÚR STARFSEMI

Fyrirspurnir og erindi

Talsvert er um fyrirspurnir og heimsóknir almennings með dýr, steina og plöntur til greiningar. Starfsfólk stofunnar tekur fúslega við öllum slíkum erindum og lætur einskis ófreistaðs til að greiða úr þeim. Takist það ekki er náttúrugripunum komið til annarra sérfræðinga. Árlega berast stofunni einnig formleg erindi til umsagnar, einkum frá umhverfisnefndum sveitarfélaga og Alþingis.



Hármý á gullsteinbrjóti. Mynd: SGP

Heimasíða Náttúrustofunnar

Náttúrustofan hefur haldið úti heimasíðu frá árinu 2000. Þar má finna ýmsar upplýsingar um stofuna. Útgefið efni er að mestu aðgengilegt á síðunni. Leitast er við að færa reglulega inn fréttir af starfseminni, áhugaverðum viðburðum og fróðleik. Slóðin er: www.na.is



Aðmírálsfiðrildi í Fellabæ. Mynd: SGP

Bókasafn Náttúrustofunnar

Á þeim árum sem liðin eru frá stofnun Náttúrustofunnar hefur safnast upp nokkur bókakostur. Einkum er um að ræða sérfræðibækur á sviði náttúruvísinda. Sérstök áhersla er lögð á að safna saman öllu sem skrifað hefur verið um hreindýr á Íslandi. Bókasafnið hefur nær eingöngu verið nýtt af starfsfólki stofunnar. Á árinu 2007 var hafist handa við að skrá safnkostinn í Gegni þannig að hann yrði öðrum aðgengilegur. Skráning er vel á veg komin. Skráð hafa verið yfir ellefu hundruð eintök. Gert er ráð fyrir að skráningu ljúki árið 2009.

Til fróðleiks má geta að Náttúrustofan er aðili að samstarfi um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum sem Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn heldur utan um.



Við Flúðir norðan Egilsstaða í apríl. Mynd: SGP



Hvít tófa á Sænautafelli að haustlagi. Mynd: SGP

Ritlisti

Erlín Emma Jóhannsdóttir 2008. Glúmsstaðadalsá.

Niðurstöður vöktunar 2007 á áhrif vatnsrennslis, bergsalla og sets úr borgöngum á smádýralíf. Unnið fyrir Landsvirkjun. Náttúrustofa Austurlands, NA-080081, 10 bls.

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 2008. Gróðurfur á vegarstæðum í Norðfjarðardal og Fannardal. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Austurlands, NA-080079.b, 14 bls.

Erlín Emma Jóhannsdóttir 2008. Geirastaðakvísl. Unnið fyrir Fljótsdalshérað. Náttúrustofa Austurlands, 2 bls.

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Gróðurfur, dýralíf og verndargildi á vegarstæðum inni í Norðfjarðardal, Fannardal og á Eskifirði. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Austurlands, NA-080079, 64 bls.


Erlín Emma Jóhannsdóttir 2008. Ársskýrsla Náttúrustofu Austurlands 2006. Náttúrustofa Austurlands, 14 bls.

Erlín Emma Jóhannsdóttir 2008. Ársskýrsla Náttúrustofu Austurlands 2007. Náttúrustofa Austurlands, 15 bls.

Gerður Guðmundsdóttir 2008. Gróðurvöktun á Vesturöræfum með notkun gervitunglamynda. Unnið fyrir Landsvirkjun. Náttúrustofa Austurlands, NA-080082, 23 bls.

Gerður Guðmundsdóttir 2008. Kárahnjúkavirkjun, Fallryksmælingar á Brúaröræfum, við Háslón á Fljótsdalshéraði sumarið 2008. Unnið fyrir Landsvirkjun. Náttúrustofa Austurlands, NA-080086, 14 bls.

Gerður Guðmundsdóttir 2008. Kárahnjúkavirkjun, Fallryksmælingar á Brúaröræfum, við Háslón og á Fljótsdalshéraði sumarið 2007. Unnið fyrir Landsvirkjun. Landsvirkjun LV-2008/59, Náttúrustofa Austurlands NA-080084, 50 bls.



Vesturvangi Snæfells í Vatnajökulsþjóðgarði. Mynd: SGP

Guðmundur Halldórsson, Andrés Arnalds, Anne Bau, Jóhann Thorarensen og Jón Ágúst Jónsson 2008. Kolefnisbinding með landgræðslu – mæliaðferðir og möguleikar. Fræðaðing landbúnaðarins 2008, 5: 275-283.

Halldór W. Stefánsson 2008. Náttúruverndartillögur. Unnið fyrir Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Fljótshálsbæjar. Náttúrustofa Austurlands, 3 bls.

Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Úttekt á fuglum við Hverfisfljót vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Hnútu. Unnið fyrir Ragnar Jónsson. Náttúrustofa Austurlands, NA-080085, 14 bls.

Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Úttekt á fuglalífi við Hverfisfljót 2008. Áfangaskýrsla. Unnið fyrir Ragnar Jónsson. Náttúrustofa Austurlands, 6 bls.

Helgi Hallgrímsson og Skarphéðinn G. Þórisson 2008. "Sjaldan bregður mjaldur af miði". Glettingur 44 (17.árg. 1. tbl.): 20-25.

Jón Ágúst Jónsson og Bjarni D. Sigurðsson 2008. Áhrif skógræktaraðgerða á viðarvöxt og kolefnisbindingu í ungum asparskógi. Fræðaðing landbúnaðarins 2008, 5: 117-123.

Jón Á. Jónsson, Bjarni D. Sigurðsson og Kesara Anamthawat-Jónsson 2008. Effects of forest management practices on wood increment and carbon fluxes. Natural Science Symposium/Raunvísindadagur. Mars 14-15, 2008. Veggspjald og ágrip í: Dagskrá/Programme Raunvísindadagur/Natural Science Symposium 2008, p 188.

Kristín Ágústsdóttir 2008. External Environmental Monitoring, Fjarðaál-Alcoa Smelter Reyðarfjörður. Summary of field activities in 2007 by Náttúrustofa Austurlands. Unnið fyrir Fjarðaál – Alcoa. Náttúrustofa Austurlands, NA-080080, 19 bls.

Kristín Ágústsdóttir 2008. Ofanflóð á vegarstæði Norðfjarðarveggar um Norðfjarðargöng. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Austurlands, NA-080078, 10 bls.



Landsýn yfir Álfafirði. Brimilsnes í forgrunni þá Hofs-, Múla- og Geithellnadalur. Hraun og Snæfell í fjarska. Mynd: SGP

Rán Þórarinsdóttir 2008. Kortlagning burðarsvæða hreindýra á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar vorið 2007. Unnið fyrir Landsvirkjun. Landsvirkjun LV-2008/31, Náttúrustofa Austurlands NA-080080, 34 bls.

Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Áfoksgirðingar í Kringilsárrana. Unnið fyrir Umhverfisstofnun. Náttúrustofa Austurlands, 10 bls.

Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Minjar í Kringilsárrana. Glettingur 48 (18.árg. 2. tbl.): 32-33.

Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Íslenski hreindýrastofninn. Veiðidagbók. UST, bls. 6-11.

Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Jan Mayen - seinni hluti. Glettingur 47 (18.árg. 1. tbl.): 23-31.

Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2008. Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2007 og tillaga um ágangssvæði og veiðikvóta 2008. Náttúrustofa Austurlands, NA-080083, 45 bls.

Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Eiga hreindýr framtíð fyrir sér á Norðausturlandi?. Skotvís. Fagrit um skotveiðar og útivist. 1. tbl. 14. árg; bls. 31-36.


Weslien, J., Finér, L., Jónsson, J.Á., Koivusalo, H., Laurén, A., Ranius, T. & B.D. Sigurdsson 2008. Kol, kvæveutlakning och död ved i morgondagens skog. Resultat nr 11, Skogforsk. Uppsala, Sweden.

Erindi

Brynhildur Bjarnadóttir, Jón Ágúst Jónsson og Bjarni D. Sigurðsson 2008. Rannsóknir á kolefnisbindingu í íslenskum skógum. Erindi flutt á Fagráðstefnu skógargeirans á Hvolsvelli 3.-4. apríl, 2008.

Erlín Emma Jóhannsdóttir 2008. Umhverfisvöktun álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Erindi flutt á SNS þingi í Stykkishólmi 26. september 2008.

Jón Ágúst Jónsson 2008. Áhrif skógræktaraðgerða á viðarvöxt og kolefnisbindingu í ungum asparskógi. Fjarfundafyrirlestur í fræðsluerindaröð Samtaka náttúrustofa, 27. nóvember 2008.



Fornir farvegir norðan upptaka Kringilsár og Sauðár á Brúaröræfum. Mynd: SGP

Jón Ágúst Jónsson og Bjarni D. Sigurðsson 2008. Áhrif skógræktaraðgerða á viðarvöxt og kolefnisbindingu í ungum asparskógi. Erindi flutt á Fræðapingi landbúnaðarins, 7-8. febrúar 2008.

Rán Þórarinsdóttir 2008. Rannsóknir Náttúrustofu Austurlands. Erindi flutt á Rannsóknþingi Austurlands á Eskifirði 24. janúar 2008.

Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Hreindýr á Austurlandi -Veiðisvæði. Erindi flutt á námskeiði Þekkingarnets Austurlands fyrir hreindýraveiðimenn á Egilsstöðum 29. janúar 2008.

Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Hreindýr á Austurlandi-Veiðisvæði. Erindi flutt á námskeiði Þekkingarnets Austurlands fyrir hreindýraveiðimenn á Akureyri 22. febrúar 2008.

Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Hreindýr á Austurlandi-Veiðisvæði. Erindi flutt á námskeiði Þekkingarnets Austurlands fyrir hreindýraveiðimenn í Reykjavík 6. febrúar 2008.

Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Náttúruvernd. Erindi flutt á Íbúðþingi á Eiðum 21. febrúar 2008.

Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Austfirsk náttúra. Erindi flutt á námskeiði Þekkingarnets Austurlands um svæðisleiðsögn á Seyðisfirði 2. maí 2008.

Skarphéðinn G. Þórisson 2008. Introduction, ecology and monitoring of reindeers in Iceland. Erindi fyrir breska náttúrufræðinga að beiðni Skálanesseturs við Seyðisfjörð 4. júní 2008.




Lónsöræfi að hausti. Horft til Snæfells yfir Leiðartungum. Mynd: SGP


Fyrirtækið Deloitte hf. annast endurskoðun, reikningsskil, skattskil auk bókhalds- og launavinnslu fyrir Náttúrustofu Austurlands.

Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar fyrir rekstrarárið 2008 námu heildarrekstrartekjur 61,1 millj. kr., samanborið við 39,7 millj. kr. árið 2007. Tekjuaukning milli ára skýrist fyrst og fremst af auknum sértekjum vegna rannsóknaverkefna. Bókfært eigið fé í árslok var 15,9 millj. kr.

Frekari upplýsingar um fjárhag Náttúrustofunnar má finna í ársreikningi sem er birtur í sérstakri skýrslu.



Hlutfallsleg skipting gjalda árið 2008



Yfirlit heildartekna Náttúrustofunnar frá árinu 1999 á verðlagi ársins 2008.



Glitský yfir Fellum. Mynd: SGP



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS